



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 21. febrúar 2014

Ákvörðun nr. 4/2014

Samruni I.Á. Hönnunar ehf. og 3X Technology ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 27. janúar 2014 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning vegna kaupa I.Á. Hönnunar ehf. (hér eftir nefnt I.Á. Hönnun) á 63,64% hlut í fyrirtækinu 3X Technology ehf. (hér eftir nefnt 3X Technology) í samræmi við ákvæði b. liðar 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005.

Tilkynningunni fylgdu ýmis gögn er varða samruna félaganna s.s. viljayfirlýsing og kaupsamningur um kaup á hlutum í 3X Technology. Auk þess fylgdu með samrunaskránni ársreikningar samrunaaðila þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreindir gerningar í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. a laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Samhliða tilkynningu um samrunann var send beiðni um undanþágu frá banni við því að samruni komi til framkvæmda í samræmi við 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga. Í kjölfar samskipta eftirlitsins við samrunaaðila var framangreind beiðni dregin til baka með tölvupósti dags. 3. febrúar 2014. Þá bárust eftirlitinu jafnframt viðbótarupplýsingar um markað málsins frá samrunaaðilum með tölvupósti dags. 31. janúar 2014.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað upplýsinga og sjónarmiða frá aðilum sem gætu haft hagsmuni af úrlausn málsins eða veitt eftirlitinu upplýsingar. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf aðila skipta máli fyrir athugun máls þessa er þeirra getið í ákvörðuninni.



II.

Samruninn

Aðilar samrunans eru I.Á Hönnun og 3X Technology. Í samrunaskránni kemur fram að með umræddum samruna eignist I.Á. Hönnun 63,64% hlut í 3X Technology, en seljendur séu Jóhann Jónasson og Axiom ehf. Fyrir á Albert M. Högnason 31,82% eignarhlut í 3X Technology en segir í samrunaskrá að í framhaldi af framangreindum kaupum muni I.Á. Hönnun væntanlega kaupa 5-10% viðbótarhlut í 3X Technology af Alberti Högnasyni. Samkvæmt samrunaskrá er I.Á. Hönnun fyrst og fremst eignarhaldsfélag og fer það meðal annars með yferráð í Skaganum hf. Skaginn hf. starfar á sviði hönnunar, þróunar og smíða á tæknibúnaði til matvælavinnslu. Fyrirtækið framleiðir einkum búnað til vinnslu uppsjávarfisks, en jafnframt frysti-, kæli- og hreinsikerfi fyrir aðra matvælavinnslu. Þá hafi fyrirtækið á seinni árum þróað og smíðað búnað fyrir aðra matvælaframleiðslu í tengslum við vinnslu kjúklingakjöts. Viðskiptavinir fyrirtækisins séu matvælaframleiðendur um allan heim, m.a. í Evrópu, og Norður- og Suður- Ameríku. Hafi hlutfall erlendra viðskipta af heildarveltu Skagans verið 75% árið 2012 og um 60% árið 2013.

Þá segir í samrunaskrá að 3X Technology starfi einnig á sviði hönnunar og þróunar og smíði á tæknibúnaði til matvælavinnslu. Fyrirtækið eigi rætur sínar að rekja til framleiðslu véla fyrir íslenskan sjávarútveg en hafi þróast út í alþjóðlegt fyrirtæki fyrir hönnun og framleiðslu á háþrúðum kerfum til bolfiskvinnslu. Meira en helmingur af veltu fyrirtækisins sl. ár sé vegna viðskipta við erlenda matvælaframleiðendur.

Að mati samrunaaðila starfa þeir á markaði fyrir hönnun og framleiðslu á háþrúðum búnaði til matvælaframleiðslu, og þjónustu því tengdu. Þá telja þeir landfræðilega markaðinn vera alþjóðlegan. Telja samrunaaðilar jafnframt að markaðinum megi skipta í tiltekna undirmarkaði. Þannig megi t.a.m. skipta markaðinum fyrir vélbúnað í fiskvinnslu í búnað fyrir skipakerfi annars vegar og búnað fyrir landvinnslukerfi hins vegar. Þá flokka megi síðan greina niður í frekari undirflokka.

Telja samrunaaðilar að vélbúnaður sem notaður sé til fiskvinnslu annars vegar og annarrar matvælaframleiðslu hins vegar sé í grunninn sambærilegur og feli fyrst og fremst í sér hæfni til að taka á móti hráefni, flokka það áfram, vinna kjötið, pakka og frysta á ný. Þó séu vélarnar sérhæfðar til að taka á móti tilteknu hráefni, t.d. tiltekinni tegund fiskjar og í hverri grein fiskvinnslu séu vélasamstæður sérhæfðar til að skila tilætlaðri virkni.

Að mati samrunaaðila er mjög erfitt að áætla heildarstærð markaðarins þar sem hann sé gríðarstór. Ljóst sé að nokkrir mjög stórir aðilar starfi í hönnun og þróun á búnaði til matvælaframleiðslu, s.s. Marel, Cabinplant, Baader, Schröter, Laitram o.fl. Um sé að ræða gríðarstóran alþjóðlegan markað sem samrunaaðilar hafi lága markaðshlutdeild á og langt frá því að samrunaaðilar nái 20% hlutdeild á hinum skilgreinda markaði.

Þá telja samrunaaðilar umræddan markað vera galopinn. Nýr framleiðandi eða dreifingaraðili þurfi einungis að koma með boðlega vöru á markaðinn og þá geti hann skapað sér viðskipti. Starfsemi fyrirtækja sem hér um ræðir búi ekki við ströng



starfsskilyrði umfram það að hafa faglært starfsfólk, uppfylla ákvæði um CE merkingar vöru eða aðra sambærilega staðla utan EB landa og uppfylla almennar kröfur vinnulöggjafarinnar.

Með vísan til lágrar markaðshlutdeildar sinnar telja samrunaaðilar að samruninn hafi engin samkeppnisleg áhrif á hinum skilgreinda markaði.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað upplýsinga og sjónarmiða frá helstu viðskiptavinum og samkeppnisaðilum samrunaaðila hér á landi. Með vísan til þeirra sjónarmiða og gagna málsins að öðru leyti fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna kaupa I.Á. hönnunar ehf. á 63,64% hlutafjár í 3X Technology ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson